

**JAFNRÉTTI Í SVEITARFÉLÖGUM**  
**Málþing 31. mars og námskeið 1. apríl 2016**  
**Grand hóteli, Sigtúni 38, 105 Reykjavík**

Þessir viðburðir eru skipulagðir með vísun til stefnumörkunar Sambands íslenskra sveitarfélaga kjörtímabilið 2014-2018 þar sem segir að sambandið skuli hvetja og styðja sveitarfélögin í því að ná fram jafnrétti kynjanna í reynd.

Sérfræðingar frá sænska sveitarfélagasambandinu, SALAR, munu vera með kynningu á málþinginu 31. mars og vera leiðbeinendur á námskeiðinu 1. apríl. SALAR hefur um nokkra ára skeið, með fjárstuðningi frá sænska ríkinu, stutt sænsk sveitarfélög í að gera jafnréttismál sjálfbær innan sveitarfélaga. Áherslan hefur verið á að kynjasjónarmið séu sambætt inn í starfsemi sveitarfélaga og aðferðir kynjasambættingar nýttar til að veita íbúum betri og skilvirkari þjónustu. Á málþinginu verða einnig íslenskar kynningar og umræður um stöðu jafnréttismála í sveitarfélögum. Dagskrá málþingsins er hér að neðan. Það hefst kl. 13:30 og lýkur kl. 17:00.

Á námskeiðinu verður farið dýpra ofan í hagnýta aðferðarfræði við beita kynjasambættingu í starfsemi sveitarfélaga og á einstökum sviðum, svo sem í skipulagsmálum, félagsþjónustu, menningar- og tómstundamálum og skólumálum. Námskeiðið mun fara fram á ensku. Það hefst kl. 09:00 og lýkur kl. 16:00. Dagskrá og upplýsingar um sænsku sérfræðingana eru hér að neðan.

Það er sænska reynslan, og reyndar alls staðar viðurkennd staðreynd, að lykillinn að árangri í jafnréttismálum er skilningur og áhugi stjórnenda. **Þess vegna er aðal markhópur málþingsins yfir- og millistjórnendur í sveitarfélögum, fulltrúar í sveitarstjórnnum og jafnréttisnefndum og auðvitað líka starfsfólk sem fer með jafnréttis- og umbótamál.**

Málþingið og námskeiðið eru haldin í samstarfi við Jafnréttisstofu og jafnréttisráð með fjárstuðningi ráðsins. Í tengslum við þessa viðburði verður gefið út fræðsluhefti fyrir stjórnendur um jafnrétti í sveitarfélögum sem allir þátttakendur fá í hendur.

Bæði málþingið og námskeiðið verða haldin á Grand hóteli og hægt er að skrá sig á báða viðburðina eða hvorn fyrir sig. Hótelið býður upp á herbergi á sérkjörum aðfaranótt 1. apríl einstaklingsherbergi á kr. 17.600 og tveggja manna herbergi á á kr. 19.500 með morgunverði. Bóka þarf herbergi með því að senda tölvupóst á [sandrab@grand.is](mailto:sandrab@grand.is).

Málþingsgjald kr. 2.500 og námskeiðsgjald kr. 5.000

Skráning, dagskrár og upplýsingar um sænsku sérfræðingana hér:

<http://www.samband.is/verkefnin/lydraedis--og-mannrettindamal/jafnretti-i-sveitarfelogum-malthing/>



**Anna Guðrún Björnsdóttir**

sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs

Beint innval: 515 4920

Netfang: <mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is>

**Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

[www.samband.is](http://www.samband.is)

